

Aðalfundur ÍSALP

13 september 2016

1. Kosning fundarstjóra sem síðan skipar fundarritara.

Skarphéðinn Halldórsson skipaður fundarstjóri og Ottó Ingi Þórisson skipaður fundarritari

2. Skýrsla stjórnar.

Helgi Egilsson formaður Ísalp las upp skýrslu stjórnar sem var ítarleg enda nokkuð þétt dagskrá undanfarið starfsár.

3. Ársreikningar lagðir fram til samþykktar, undirritaðir af tveimur skoðunarmönnum.

Ekki náðist að taka saman ársreikninga fyrir aðalfundinn.
Kosið var um skil á ársreikningi undir önnur mál

4. Lagabreytingar.

Engar lagabreytingar hafa borist stjórn.

5. Kjör formanns Ísalp og meðstjórnenda.

Lausar stöður:

Formaður – Helgi Egilsson gefur kost á sér áfram

Meðstjórnandi til tveggja ára – Ottó Ingi Þórisson gefur kost á sér áfram

Meðstjórnandi til tveggja ára – Bjartur Týr Ólafsson gefur kost á sér áfram

Meðstjórnandi til tveggja ára – Þorsteinn Cameron gefur kost á sér áfram

Katrín Möller hættir á miðju tímabili – meðstjórnandi til eins árs – Sigurður Ragnarsson gefur kost á sér.

Allir eru sjálfkjörnir

Katrín Möller sinnti stöðu gjaldkera og mun stjórn skipa nýjan gjaldkera á fyrsta stjórnarfundum.

6. Kjör uppstillingarnefndar.

Björgvin Hilmarsson og Sveinborg Hlíf Gunnarsdóttir gefa kost á sér og eru sjálfkjörin

7. Kjör tveggja skoðunarmanna ársreikninga.

Sigurður Tómas Þórisson og Páll Sveinsson gefa kost á sér áfram og eru sjálfkjörnir

8. Ákvörðun árgjalds næsta árs.

Stjórn leggur til að árgjald sé 4040 kr, samþykkt með öllum greiddum atkvæðum

9. Önnur mál.

Skil á ársreikningum

Lagt er til að boðið verður til aukafundar innan mánaðar þar sem ársreikningar verða lagðir fram. Tillaga samþykkt með öllum greiddum atkvæðum

Brattamálið

Helgi Egilsson kynnti sögu Bratta og samkomulag við Stjórn FÍ [Viðauki 1]. Það sköpuðust miklar umræður.

Sveinn Eydal kynnti niðurstöðu hans og Freys Inga en þeir skoðuðu þann kost að Ísalp færi með 2/3 af skálanum uppeftir undir 100% eign Ísalp. Niðurstaðan var að það væri hægt en erfitt væri að finna mannskap í verkið.

Hugmyndir og ábendingar sem komu fram á fundinum voru meðal annars:

- Að það verði gert skýrt í samningnum að FÍ beri ábyrgð á viðhaldi
- Að Ísalp fengi forkaupsrétt að skálanum eða með einhverjum hætti komið í veg fyrir að skálinn geti farið í sölu á almennum markaði.
- Að það verði hugað að lægra skálagjaldi fyrir félagi Ísalp heldur en félagi FÍ.

Lagt var fyrir aðalfund hvort stjórn (samninganefnd sem ekki hefur verið skipuð) fengi umboð til þess að gera samning við FÍ með samkomulagið (sjá viðhengi 1) til grundvallar.

Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum

Viðauki 1